



Mannréttindaskrifstofa

Í þessu blaði

- Kynlegir gestir í Ráðhúsinu 1
- Margbreytileikafræðsla í grunnskólum 2
- Tölvufærni, samstarf kynslóðanna 3
- Evrópusáttmáli um jafna stöðu kynjanna 3
- Aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum 4
- Úr ýmsum áttum 5




I. tbl. I. árg. 2011

Haust 2011

Kynlegir gestir í Ráðhúsinu á kvennafrídaginn



Efnt var til sérstakrar hátíðardagskrár í tilefni kvennafrídagsins, 24. október, í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Notaleg kaffihúsastemning var í salnum, dúkuð borð og sparistell á borðum, og boðið var upp á te og kökur frá Tehúsi Ágústmánans. Gestir og gangandi gáfu sér tíma til að setjast niður og fylgjast með dagskránni sem í boði var. Magga Stína, borgarfulltrúi og varaformaður mannréttindaráðs, hélt stutta ræðu í tilefni dagsins. Þar á eftir flutti Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur jafnréttismála á mannréttindaskrifstofu, erindið „Allskonar jafnréttismál.“ Guðrún Ágústsdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, las upp úr nýútkominni bók sinni *Á rauðum sokkum – baráttukonur segja frá*. Kynlegu gaurarnir Hannes og Smári, sem leikkonurnar Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir leika, fóru á kostum. Þeir félagar voru konum afar þakklátir fyrir allt þeirra innlegg til samfélagsins, sérstaklega fyrir að vera alltaf hreinar, fallegar og duglegar að fjarlægja af sér líkamshár.



Margbreytileikafræðsla í 8. bekkjum grunnskóla

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar fékk styrk frá Evrópusambandinu til að vera með margbreytileikafræðslu (e. diversity training) í áttundu bekkjum grunnskóla. Styrkurinn er hluti af Progressáætlun Evrópusambandsins. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar er í samstarfi við nokkur samtök og einstaklinga um framkvæmd verkefnisins.

Í margbreytileikafræðslunni fara einn til tveir fræðsluhópar, skipaðir fulltrúum frá mismunandi samtökum á Íslandi, og heimsækja áttundubekkinga í grunnskólum Reykjavíkur.

Fræðsluhóparnir eru skipaðir fulltrúum frá Samtökunum '78, Átaki – félagi fólks með þroska- hömlun, Geðhjálp, Hugarafli og Hlutverkasetri, sem eru samtök sem vinna með fólki sem glímt hefur við geðraskanir, ungmenni af erlendum uppruna og einstaklingum sem ekki tilheyra sérstökum minnihlutahópi eða samtökum.

Fræðsluhóparnir eru með stutta fræðslu um mikilvægi margbreytileikans í samfélaginu. Miðað er við að hver heimsókn taki u.þ.b. eina kennslustund. Heimsóknirnar fara fram í október og nóvember.



**Glaðbeittur
hópur
nemenda í
Sæmundarskóla**

Margbreytileiki kryddar tilveruna!



Tölvufærni, samstarf kynslóðanna

Tölvufærni- verkefnið hlaut byr undir báða vængi þegar Reykjavíkurborg hóf þátttöku í evrópska samvinnuverkefninu *Rafrænar lausnir fyrir alla* (E-government for you eða *EGOV4U*). Verkefnið er stutt af Evrópusambandinu og eru þátttakendur níu talsins víðs vegar um Evrópu. Meginmarkmið verkefnisins er að auka lífsgæði þeirra sem einhverra hluta vegna búa við félagslega einangrun. Félagsmiðstöðin Aflagranda 40 leitaði til Grandaskóla með samstarf í huga.

Stjórnendur skólans, kennarar og krakkarnir tóku verkefninu opnum örmum. Verkefnið fór vel af stað og þessi jákvæðu viðbrögð Grandaskóla ásamt mikilli eftirspurn meðal þátttakenda leiddi til þess að ákveðið var að koma á fleiri námskeiðum. Var þá leitað eftir samstarfi við Vesturbæjar-skóla og Melaskóla. Þar tóku skólastjórnendur, kennarar og nemendur verkefninu sömuleiðis mjög vel.

**„Ég hefði
aldrei trúað
því að ég
ætti eftir að
geta gert
þetta“**

-77 ára nemandi á
námskeiði í
Aflagrandu

Ánægðir þátttakendur og leiðbeinendur

Þátttakendur á námskeiðunum eru misjafnlega í sveit settir hvað tölvuþekkingu varðar. Sumir hafa vart kveikt á tölvu á meðan aðra vantar sértæka aðstoð við myndvinnslu. Þannig eru námskeiðin einstaklingsmiðuð og reyna krakkarnir að koma til móts við mismunandi þarfir allra.

Undantekningalaust voru þátttakendurnir mjög ánægðir með leiðsögn krakkanna, þrátt fyrir að örlitlir tungumálaörðugleikar hafi komið upp, enda „upplóduðu“ menn ekki síldinni í þá daga né „rístörðuðu bráserum“ við leitir í seinni göngum. Það var fátt sem krakkarnir gátu ekki aðstoðað með og þannig gátu ungir og aldnir leyst saman úr vandamálum tækninnar. Það er óhætt að fullyrða að þetta verkefni hefði ekki getað orðið að veruleika nema með velvilja þeirra grunnskóla sem tóku þátt. Skólarnir og nemendur þeirra eiga hrós skilið!

Fleiri námskeið víða um borgina

Nú í haust er vilji til að fjölga námskeiðunum og hefur öllum félagsmiðstöðvum borgarinnar verið boðið að taka þátt. Þessi reynsla, bæði í Hæðargarði og Aflagrandu, er mjög mikilvæg til að hægt sé að ráðast í það umfangsmikla verkefni. Það er von þeirra sem standa að verkefninu að allar 16 félagsmiðstöðvar borgarinnar taki þátt í verkefninu á næstu tveimur árum. Með því geta skapast fræðslu- og gleðistundir kynslóðanna um alla Reykjavíkurborg. Þeir sem hafa áhuga á frekari upplýsingum um námskeiðin er bent á að hafa samband við Björn Guðmundsson verkefnastjóra í síma 411 4153 eða senda póst á netfangið bjorn.gudmundsson@reykjavik.is.

Evrópuverkefni

Reykjavíkurborg hefur undirritað Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum. Sveitarfélög sem hafa undirritað sáttmálann skuldbinda sig formlega til að virða grundvallarregluna um jafnrétti kvenna og karla. Einnig viðurkenna þau að taka þurfi á margfaldri mismunun til að tryggja jafna stöðu kvenna og karla.

Jafnframt felur undirritun í sér viðurkenningu á því að jöfn þátttaka kvenna og karla í ákvarðanatöku sé forsenda lýðræðislegs þjóðfélags, afnám staðalímynda kynjanna sé grunnur að því að jafnrétti kvenna og karla náist, að samþætting kynjasjónarmiða í öllum aðgerðum sveitar- og héraðsstjórna sé nauðsynleg til að vinna að framgangi jafnréttis kvenna og karla og að aðgerðaáætlanir sem njóti nægilegs fjármagns séu nauðsynleg tæki til að vinna að framgangi jafnréttis.

Þau sveitarfélög sem undirritað hafa sáttmálann hafa með sér samstarf um útfærslu hans og hefur verið ákveðið að leggja áherslu á að vinna gegn kynbundnu ofbeldi, að afnámi staðalímynda, að matstæki sem metur stöðu kynjanna og að samþættingu kynjasjónarmiða.

Sáttmálann má sjá í heild sinni inn á vef mannréttindaskrifstofu, www.reykjavik.is/mannrettindi.

Ef einhver er með hugmyndir eða ábendingar eða sem tengjast þessu efni þá eru þær vel þegnar og sendist á netfangið halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is.



*Aðgerðaáætlun
Reykjavíkurborgar
gegn kynbundnu
ofbeldi og ofbeldi
gegn börnum*

Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum

Starfshópur hefur verið að vinna drög að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Í starfshópnum á sæti starfsfólk frá þeim sviðum borgarinnar sem vinna með einstaklingum sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða búa við það. Einnig er í hópnum starfsfólk frá þeim sviðum sem vinna með börnum og ungmennum. Erindisbréf hópsins ásamt drögum að áætluninni er að finna á vefsíðu mannréttindaskrifstofu, www.reykjavik.is/mannrettindi.



Allar ábendingar um það sem betur má fara í áætluninni eru vel þegnar. Ábendingar má senda til Halldóru Gunnarsdóttur á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem leiðir starfshópinn, netfang: halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is. Drögin verða jafnframt kynnt á fundum á viðkomandi sviðum á næstu vikum.

Samningur við RIKK

Þann 4. nóvember sl. var undirritaður samstarfssamningur milli mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og RIKK (Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum). Markmið samstarfsins er að stuðla að auknum jafnréttisrannsóknum og miðlun fræðilegrar þekkingar með áframhaldandi rannsóknum og fræðslu á sviði kvenna- og kynjafræða.

Nýsköpunarverkefni – klámvæðing á vinnustöðum Reykjavíkurborgar

Í september var gefin út skýrslan *Klám sem vinnumenning og menningarlegt fyrirbæri*. Skýrslan var unnin af Thomasi Brorsen Smidt, meistaranema í kynjafræði við Háskóla Íslands. Thomas vann rannsókn sína með því að taka viðtöl við starfsmenn borgarinnar og eru niðurstöður rannsóknarinnar aðgengilegar á vef mannréttindaskrifstofu, www.reykjavik.is/mannrettindi.

Jafnrétti í íþróttafélögum og gerð jafnréttisáætlana

Mannréttindaskrifstofa hefur lokið úttekt sinni meðal íþróttafélaga í Reykjavík sem leiddi í ljós að lítill munur er á æfingaaðstöðu stráka og stelpna í hópiþróttum, en að betur megi gera í jafnréttismálum í starfsemi þeirra. Meðal þess sem lagt er til í úttektinni er að Reykjavíkurborg skilyrði úthlutanir styrkja til félaganna við að þau séu með virka jafnréttisáætlun og aðgerðaáætlun til að jafna hlut kynjanna. Það er ánægjulegt að segja frá því að nú þegar hafa nokkur íþróttafélög óskað eftir aðstoð starfsmanna mannréttindaskrifstofu við gerð jafnréttisáætlana.

Skjólborgarverkefnið – ICORN

Reykjavíkurborg gerðist formlega aðili að ICORN nú í október þegar samningur þess efnis var undirritaður á bókamessunni í Frankfurt. ICORN eru samtök borga sem gerst hafa skjólborgir rithöfunda sem hefur verið gert ókleift að búa í heimalandi sínu vegna ofsókna. Einn rithöfundur er gestur hvarrar borgar hverju sinni en með aðild sinni skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að sjá um flutning og móttöku rithöfundar til borgarinnar og veita honum viðunandi húsnæði og styrk fyrir dvöl sína í borginni. Fyrsti skjólstaðingur Reykjavíkurborgar nú kominn til landsins. Mazen Maarouf, sem er af palestínskum uppruna, er ljóðskáld, rithöfundur, blaðamaður og gagnrýnandi og hefur unnið fyrir nokkur dagblöð í Líbanon, sem og erlend dagblöð. Mazen hefur gefið út tvær ljóðabækur og hafa ljóð hans verið þýdd á ensku, frönsku og sænsku. Ný bók er væntanleg frá Mazen nú í desember.



Rithöfundurinn Mazen Maarouf
ásamt Jóni Gnarr borgarstjóra